

Kiwanis



Fréttafbré K-dagsnefndar

3. tbl. 2. árg.

15. apríl 2011

Ábyrgðarmaður Gylfi Ingvarsson gylfing@simnet.is

Lykill að lífi

Heimasíða: www.kiwanis.is

K-dags nefnd
Kiwanisumdæmisins
Ísland -Færeyjar



K- dagur 10. – 14. maí 2011

Landssöfnunin

Lykill að lífi



Nýir áfangar í þágu
geðsjúkra
Hvatning frá
forseta Íslands hr.
Ólafi Ragnari Grímssyni



Ólafur Ragnar Grímsson

Þegar Kiwanishreyfingin efndi til fyrsta K-dagsins fyrir nær þremur áratugum undir kjörorðunum „Gleymum ekki geðsjúkum“ settu fordómar og einangrun hinna þjáðu enn svip á samfélagið. Þörfin á umbótum var afar brýn.

Kiwanisfélagar hafa með reglubundnum hætti leitað til landsmanna um samstarf og stuðning; selt K-lykilinn í sérhverju byggðarlagi. Hann varð í senn tákni um árangursríka baráttu og uppspretta tekna sem komið hafa að miklu gagni, gert stofnunum og samtökum sem hjálpa geðsjúkum kleift að bæta þjónustuna.

Með öflugum stuðningi almennings í landinu hefur framlag Kiwanishreyfingarinnar breytt aðbúnaði og viðhorfum á betri veg, aukíð skilning okkar á hvaða árangri öflug aðstoð við geðsjúka getur skilað.

Enn á ný leita Kiwanisfélagar eftir stuðningi okkar, hvetja Íslendinga til að taka þátt í nýjum áföngum á þessari vegferð. Ég hvet landsmenn alla til að taka þeim vel.

Samþykkt styrktarverkefni K-dags 2011

- BUGL, sérverkefni sem er þjónustu við ungt fólk. á landsbyggðinni
- Miðstöð foreldra og barna (MFB) sem skiptist í þrennt; Foreldraeflingu, Meðgönguhópa og Tengslaeflingu. Miðstöðin er m.a með sérhæfð úrræði við fæðingarþunglyndi.
- Lautina á Akureyri, sem er: „Athvarf fyrir fólk með geðraskanir“

“Gleymum ekki Geðsjúkum”
er kjörorð K-dagsins

Kiwanisfélagar nú er að duga í lokaspretti K-dags

Undirbúningur K-dags er í fullum gangi og nú er komið að lokasprettinum þar sem við Kiwanisfélagar verðum að taka höndum saman um að ná markmiðum okkar í sölu K-lykilsins.

Fulltrúar K-dagsnefndar hafa mætt á fundi í öllum svæðisráðsstefnum og fjölda klúbba til kynningar og allstaðar mætt miklum áhugu fyrir verkefninu.

- Lyklarnir eru komnir til landsins og unnið er að því að fá niðurfellingu á VSK.
- 35 þúsund lyklar verða til sölu á Íslandi (tegundin er ASSA NN)
- 5 þúsund lyklar verða til sölu í Færeyjum. Það sem safnast þar fer til styrktar geðverndarmálum í Færeyjum
- Söluverð á lykli er kr 1500 og samstarfsaðilar okkar við sölu fá kr. 300 í sölulaun (sem við lítum ekki á sem kostnað heldur styrk til viðkomandi félaga)

Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða er hafa að



markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna

- Samið hefur verið við fjárgæsluaðila sem jafnframt styrkir verkefnið sem er Sparisjóður Keflavíkur, nú hluti af Landsbankanum.
- Margmiðlun mun sjá um kynningu í fjölmiðlum og fer það áttak í gang um miðjan apríl.
- Prentað verður lykklaspjald sem lyklinum verður stungið í og verður á því nöfn helstu styrktaraðila.
- Helstu styrkaraðilir verða;
 - Actavis, kr. 1.500.000
 - BYKO, kr. 1.500.000
 - Spsj. Kef, kr. 1.500.000
 - ISAL, kr. 500.000
 - ALCOA, kr. 500.000
 - Norðurál kr. 500.000
- BYKO mun veita frían skurð á lyklunum um allt land ásamt Húsasmiðjunni á Akureyri og á Egilstöðum.

Á öllum undurbúningsfundum hefur verið lögð áhersla á að klúbbar skipuleggi sölu hver á sínu svæði, velji sér samstarfsaðila við sölu og geri samninga og áætlum um fjölda lykla til sölu svo dreifing á lyklum verði sem jöfnust til allara.



Unnið er að samstarfsverkefni við Sundsamband Íslands um sundátak á landiu öllu í tengslum við K-dagsverkefnið og 60 ára afmæli Sundsambandsins undir slagorðinu „Sund léttir lund“ Stefnt er að sundið hefjist mánudaginn 9. maí og ljúki laugadaginn 14. maí, ætlunin er að fylgjast með sundinu í fjölmiðlum á hverjum degi því markmiðið er að synt verði minnst sem nemur hringin í kringum landið sem er um 500 km og jafnvel til Færeyja.



Lykilli verður seldur í svona lykklaspjaldi og verð lykils kr. 1500
 Þeir sem vilja panta lykla snúa sér til næsta Kiwanisklúbbs eða fara inn á kiwanis.is
 Einnig verður hægt að leggja inn styrki inn á reikning K-dagsnefndar sem er:
 1109 26 4440 kt. 640173 0179

Áskorun: Við í K-dagsnefndinni heitum á okkur Kiwanisféлага og landsmenn alla á Íslandi og í Færeyjum að taka saman höndum og styrkja „Geðverndarmál“ með kröftugu átaki með kaupum á Kiwanislyklinum „Markmiðið er að selja alla lykllana 40 þús. stk
 10. – 14. Maí 2011

„Gleymum ekki Geðsjúkum“
 er kjörorð K-dagsins